

Upplýsingar til dýralækna:

Uppbygging gagnagrunns fyrir örmerki og eyrnamerki í gæludýrum

Samkvæmt samþykktum Dýralæknafélags Íslands á haustfundi 2008 var ákveðið að stofna einkahlutafélag um stofnun gagnagrunns einstaklingsmerkja gæludýra. Þrátt fyrir að það hafi verið ákveðið á aðalfundi í mars 2009 að hefja samstarf við Noreg um vistun á íslenska gagnagrunninum, var ákveðið að kanna til hlýtar möguleika á að setja upp gagnagrunn á Íslandi. Var það gert með það meðal annars í huga að hagræðing gæti hlotist við tengingu við aðra gagnagrunna á vegum félagsins ss sjúkdómagrunn.

Á sumarfundi 2009 var valið í stjórn hlutafélags þessa gagnagrunns. Stjórnina skipa Guðbjörg Þorvarðardóttir, Sif Traustadóttir, Agnes Helga Martins, Anna Ólöf Haraldsdóttir og Þóra J. Jónasdóttir og varamaður Þorvaldur H. Þórðarson

Hlutverk stjórnar er m.a. að skoða og bera saman eftirfarandi þætti:

- kostnað við stofnun, viðhald og vistun grunnnsins
- mögulega fjármögnun á stofn- og viðhaldskostnaði
- hvernig greiðslu á skráningu frá dýraeigendum best skuli háttað
- möguleika á hagræðingu fyrir dýralækna við innskráningu
- möguleika á tengingu við forrit sem eru í notkun af dýralæknum í dag
- möguleika á tengingu við þjóðskrá til uppfærslu á upplýsingum
- hvernig samruna upplýsinga um merki sem komin eru, best er háttað
- hvernig lágmarksgrunni og leitarmöguleikum fyrir félagsmenn á vefnum um núverandi merki er komið sem fyrst í notkun

Þegar allir þættir málsins hafa verið skoðaðir kemur stjórnin með tillögu um þá lausn sem félaginu og gæludýraeigendum væri hagstæðast.

Stjórnin hefur leitað upplýsinga um ýmsa þætti málsins til erlendra og innlendra aðila. Ákveðið var að forgangsraða framar öllu að upp verði komið lágmarksgrunni fyrir öll núverandi merki. Í samvinnu við Stólpa hefur verið komið upp félaginu að kostnaðarlausu vefsíðuforriti þar sem hægt er á einfaldann hátt að nálgast upplýsingar um einstaklingsmerki gæludýra. Næsta skref er að skrá inn í grunninn upplýsingar um þau merki sem komin eru, bæði örmerki og eyrnamerki.

Til að skrá inn eldri merki er afstaða stjórnarinnar að reyna skal hafa þá þjónustu dýralæknum að kostnaðarlausu þar sem erfitt yrði að innheimta slíkan kostnað eftir á frá dýraeiganda. Dýralæknafélagið samþykkti á haustfundi 2008 að leggja til kr. 500.000,- úr kynningarsjóði sem stofnfé einkahlutafélagsins. Reynt verður að nýta stofnfé þetta sem best til að mæta kostnað við að innskrá þessi gögn.

Allir þeir dýralækna sem óska eftir að fá inn upplýsingar um þau dýr sem þeir hafa merkt þurfa sem fyrst að senda inn yfirlit á Excelskjali á dyr@dyr.is. Guðbjörg sendi út tölvupóst á dýralæknalistann þann 18. september með yfirlit yfir þær upplýsingar sem þurfa að fara með og einnig hvernig sendingu best er háttað fyrir þá sem nota Dagfinn forritið.

Til að grunnurinn komist sem fyrst í gagnið, eins og félagar sárlega hafa óskað eftir, telur stjórnin nauðsynlegt að flýta söfnun gagna eins og auðið er. Vefslóðin verður tilkynnt og

möguleiki verður á einfaldri leit frá 1. október. Þeir sem óska eftir að hafa sín gögn með í prufukeyrslunni verða að skila upplýsingum um merkt dýr í síðasta lagi 26. september (vegna fjarveru Guðbjargar).

Eftir samanburðarannsóknir og ákvörðun stjórnar á hagstæðustu lausninni, ásamt prufukeyrslu á leitarforritinu, mun verða ákveðið hvenær greiðslur fyrir skráningar hefjast og hver upphæðin verður. Stefnt er að formlegri opnun í byrjun næsta árs og engar greiðslur verða innheimtar fyrir eldri gögn fyrr enn þau sem koma eftir þann tíma.

Með bestu óskum um virkan gagnagrunn og gott samstarf!

Stjórn Völustalls.